



Reglugerð um Snjóbrettamót Íslands

1. Snjóbrettamót Íslands skal fara fram ár hvert nema veður og aðstæður hamli.
2. Þau aðildarfélög er vilja hafa á hendi framkvæmd mótsins skulu senda umsókn til SKÍ fyrir 15 apríl. Umsókninni skal fylgja áætlun um framkvæmd mótsins, aðstöðu keppenda og gesta. Mótsstaður fyrir Snjóbrettamót Íslands skal ákveðinn á Skíðapingi tvö ár fram í tímann. Stjórn SKÍ skal hitta mótshaldara haustið fyrir mót, eigi síðar en 1.október. Fara skal yfir undirbúning, dagskrá og umgjörð.
3. Mótshaldara ber að senda öllum aðildarfélögum SKÍ boð um þátttöku ásamt upplýsingum um framkvæmd mótsins. Auglýsa skal mótið með lágmarks tveggja mánaða fyrirvara. Að öðru leyti skal fara eftir reglugerð um keppnishald SKÍ.
4. Eftirlitsmenn og dómara skulu vera skv. reglugerð um eftirlitsmenn og dómara.
5. Innheimt eru keppnisgjöld skv. gjaldskrá SKÍ fyrir hvern keppanda í hverri grein og eru þau ekki afturkræf ef hann er á ráslista.
6. Keppa skal í eftirtöldum greinum og flokkum:

Snjóbretti				
SS	U13	U15	U17	Fullorðinsflokkur
BA	U13	U15	U17	Fullorðinsflokkur

7. Á Snjóbrettamóti Íslands verða krýndir íslandsmeistarar í eftirfarandi flokkum:
 - U13 í SS og BA
 - U15 í SS og BA
 - U17 í SS og BA
 - Fullorðinsflokki í SS og BA*

*veitt skulu auka verðlaun fyrir FIS mót í fullorðinsflokki á SBÍ

8. Að öðru leyti gilda reglur FIS.

Samþykkt á Haustfundi 6.okt 2018